

Stjórnarfundur ÍBA

Haldinn mánudaginn 18.nóvember 2013 kl. 16.30 að Glerárgötu 26



Fundinn sátu: Pröstur Guðjónsson, Haukur Valtýsson, Magnús Gauti Gautason, Margrét Ólafsdóttir, Hörður Sigurharðarson og Þóra Leifsdóttir. Áslaug Kristjánsdóttir, Ármann Ketilsson komust ekki.

1. Málþingið 22.nóvember nk.

Búið er að senda tölvupóst á alla viðkomandi með hvatningu að haga dagskrá þannig að starfsmenn hafi tæk á að koma. Ákveðið var að bjóða upp á kaffi og kleinur.

2. Formannafundur 5.des nk.

Samþykkt var að fá tilboð frá Rub23. Mögulegur fyrirlestur var ræddur.

3. Önnur mál

Komið er leyfi frá Þorsteini Hjaltasyni að áframsenda tölvupóstinn hans um lagasetningu ÍSÍ og var ákveðið að senda hann á stjórn og framkvstjórn ÍSÍ með beiðni um að taka til athugunar. Rætt var um bréf sem kom frá ÍRA með neitun um útisvæði v.bogfimi. Ákvörðuninni hefur verið mótmælt þar sem erindið hefur ekki verið formlega sent inn.

Bréf barst frá Ellert íþróttafulltrúa þar sem fram kom að rekstrarsamningar við félög verða ekki gerðir fyrr en núverandi samningum hefur verið lokið og einnig samningi við ÍBA.

Erindi frá Nökkva um rekstrarsamning verður svarað með þeirri skýringu.

Erindi ÍBA í máli Keiludeildar og KFA verður tekið fyrir á næsta fundi ÍRA

Bréf var sent til 4 félaga í bardagaíþróttum um mögulega samlegð í húsnæðismálum.

Ræddir voru möguleikar í því máli. Leigusali vill segja upp leigusamningi húsnæðis Draupnis fyrir lok umsamins leigutímabils.

Búið er að tala við Óskar Þór Halldórsson um ritun íþróttasögu Akureyrarbæjar. Hann óskaði eftir að fá frá markmið, tilgang ofl. Upp kom spurning um að láta gera sögu vetraríþróttar.

Rætt var um mætingu á Formannafund ÍSÍ.

Samþykkt var að bæta við á heimasíðu ÍBA ýmsum fróðleik og upplýsingum t.d. frá Íþróttakennarafélaginu.

Samfelldur skóladagur. Samþætting við íþróttafélögin gengur ekki nema að íþróttastefnu Akureyrarbæjar verði breytt. Íþróttakennsla almennt var rædd og markmið með henni og hvað hún skilar sér í lok skólagöngu.

Gátlisti barst fyrir íþróttahéruð og bandalög til að gerast fyrirmyndar. Ákveðið var að skoða betur og ræða á næsta fundi. Rætt var um fyrirmyndarfélög, heyrst hefur að félögum hefur þótt lítill ávæningur í að vera fyrirmyndarfélag. Ræddur var möguleiki á að setja það sem skilyrði fyrir rekstrarsamningi.

Beiðni barst frá ÍSÍ um staðfestingu á tölfræðiupplýsingum frá 2012 úr Felix. Tölurnar eru ekki réttar og Þóra ætlar að senda athugasemd og beiðni um að leiðrétta.

Haukur spurði um samninginn við Samskip um jólapakkana, ákveðið var að Þóra sendi fyrirspurn.

Ákveðið var að senda póst á félögin um val þeirra á íþróttamanni ársins.

Haukur spurði, vegna fundar með KA, UFA og Þór um breytingar á tímatöflunni í Boganum, hvort eitthvað hafi gerst í framhaldinu. Ekki var vitað til þess.

Fundi var slitið kl. 17.45